

227

7. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1962.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 93 30. nóvember 1961 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1962. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. desember 1961.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

228

29. des.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu nr. 160 10. desember 1946.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

I. *Geiradalshreppur:*

1. Bakkavegur, frá Gautsdalsvegi (þjóðvegi) við Litlu-Brekku að Bakka.
2. Valshamarsvegur, frá Gautsdalsvegi (þjóðvegi) við Bakkaá að Valshamri.
3. Gautsdalsvegur, frá Vesturlandsvegi á Oddamel að Gautsdal.

II. *Reykhólahreppur:*

4. Borgarlandsvegur, frá Vesturlandsvegi á Hríshólsmelum í Berufirði um Hafrafell að Borg.
5. Reykhólasjávargata, frá Reykhólum að lendingunni við Hópið.
6. Staðarsjávargata, frá Reykhólasveitarvegi fyrir vestan Staðará að lendingunni við Staðarklauf.

III. *Gufudalshreppur:*

7. Hallsteinsnesvegur, frá Gufudalsvegi utan við Þórisstaði kringum Hallsteinsnes á Gufudalsveg í Krossgiljum við Djúpafjörð.
8. Grónesvegur, frá Gufudalsvegi við Brekku út að Grónesi.
9. Fremri-Gufudalsvegur, frá Gufudalsvegi (þjóðvegi) við Neðri-Gufudal að Fremri-Gufudal.

IV. *Múlahreppur:*

10. Svinanesvegur, frá Barðastrandarvegi við Illugastaði út með Skálmarfirði að Svinanesi.
11. Axlarréttarvegur, frá Barðastrandarvegi á Kletthálsi að Syðri-Axlarrétt.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og 228 samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist 29. des. til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

229

29. des.

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1948:

1. Aðalbrautir.

Auk þess, sem greint er í auglýsingu nr. 163 frá 1960, hefur verið ákveðinn aðalbrautarréttur á eftirtöldum gatnamótum:

- a) Vegamótum Austurgötu og Linnetsstígs, þannig, að umferð um Austurgötu hefur biðskyldu gagnvart umferð um Linnetsstíg.
- b) Vegamótum Tjarnarbrautar og Mánastígs og Tjarnarbrautar og Arnarhrauns, þannig, að umferð frá Mánastíg og Arnarhrauni hafi biðskyldu gagnvart umferð um Tjarnarbraut.
- c) Vegamótum Hverfisgötu og Tjarnarbrautar, þannig, að umferð um Tjarnarbraut hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Hverfisgötu.

2. Takmörkun á bifreiðastöðum.

- a) Bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu að vestanverðu við götuna frá Vesturgötu að Linnetsstíg og frá Landssímahúsinu að Lækjargötu.
- b) Að austanverðu við Strandgötu eru bifreiðastöður bannaðar milli Linnetsstígs og hússins nr. 27 við Strandgötu.
- c) Að vestanverðu við Strandgötu frá Landssímahúsi að biðstöð strætisvagna við Linnetsstíg eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í einu frá klukkan 9—19 virka daga, nema laugardaga frá 9—12. Sama regla gildir að austanverðu við Strandgötu frá húsinu nr. 27 að Lækjargötu.

Auglýsing nr. 163 frá 26. ágúst 1960, um umferð í Hafnarfirði, breytist í samræmi við þetta.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 29. desember 1961.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.